



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Díana Óskarsdóttir, forstjóri

Reykjavík 17.01.2022

Efni: Framkvæmd PCR-sýnatöku á börnum.

Umboðsmanni barna hafa borist þó nokkrar ábendingar er varða framkvæmd PCR-sýnatöku á börnum á Selfossi.

Þær ábendingar sem umboðsmaður barna hefur fengið snúa helst að eftirfarandi atriðum:

- Umhverfi sýnatökunnar sem fram fer í bílastæðakjallara, er ekki barnvænt og tekur ekki mið af þörfum barna.
- Börn þurfa oft að bíða mjög löngum stundum í biðröð eftir sýnatöku, jafnvel mjög ung börn og njóta ekki forgangs.
- Starfsmenn sem taka sýni af börnum eru ekki heilbrigðisstarfsmenn og hafa ekki fengið þjálfun í að eiga í samskiptum við börn.

Afar mikilvægt er að börn upplifi sig örugg og að aðstæður fyrir sýnatöku barna séu eins barnvænar og kostur er. Börn eru þjóðfélagshópur sem á rétt á sérstakri vernd og umönnun og hafa verður í huga að sýnataka og óvissa um niðurstöðuna getur valdið börnum miklum kvíða.

Ákjósanlegast væri að sýnataka barna færi fram á sérstöku svæði sem væri jafnframt aðskilið því svæði þar sem fram fer sýnataka fullorðinna og að hugað sé að því hvernig gera megi það umhverfi hlýlegt og barnvænt. Einnig ættu börn að njóta forgangs og fá sjálfkrafa að fara fremst í röð þeirra sem bíða eftir sýnatöku

Þá er æskilegt að starfsmenn sem taka sýni úr börnum séu heilbrigðisstarfsmenn, eða hafi að minnsta kosti fengið þjálfun, sem geri þeim kleift að bregðast við vanlíðan og kvíða barna vegna sýnatöku með viðeigandi hætti. Umboðsmaður barna lýsir sig reiðubúinn til frekara samtals og samráðs um þetta málefni ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna